# Heimaskjárinn

Last Modified on 23/06/2026 1:36 pm BST

**Heimaskjárinn er svæði sem sýnir þér reksturinn þinn í hnotskurn.**

Markmiðið með heimaskjánum er að veita þér innsýn inn í daginn þinn ásamt því sem þú getur nálgast upplýsingar um nýjungar í kerfinu og flýtileiðir.

---

## Hvað inniheldur heimaskjárinn?

### Bókanir dagsins

Hér sérðu upplýsingar um heildarfjölda bókana dagsins, fjölda netbókana, fjölda nýrra viðskiptavina ásamt yfirliti yfir næstu bókanir dagsins.

Þú getur síjað ofantalda tölfræði eftir þér eða fyrirtækinu í heild sinni. Ef þú ert með fleiri en eitt útibú geturðu skoðað tölfræði hjá
hinum útibúunum sömuleiðis.




Ef þú smellir á tímabókun í listanum yfir **næstu bókanir** opnast viðkomandi bókun.



### Sölutölur dagsins

Hér sérðu upplýsingar um sölutölur dagsins brotið niður á heildarsölu, netgreiðslur, meðalsala hverrar tímabókunar ásamt vinsælustu þjónustum dagsins.




### Flýtileiðir

Þú getur nálgast ýmsar flýtileiðir í kerfinu inn á heimaskjánum.




### Tilkynningar

Neðst á heimaskjánum munum við kynna virkni sem er nýleg í kerfinu.

---

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúbbluna eða á netfangið hq@noona.is.

---